

Alþingi
Erindi nr. P 138/311S
komudagur 138/311S 010



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

Alþingi
Efnahags- og skattanevnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN

DAGSETNING

BK/eeg/10/1041

14.09.2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda o.fl., 693. mál.

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist tölvupóstur frá Efnahags- og skattanevnd Alþingis, 8. september 2010, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (kyrrsetning eigna), þingskjal 1456, 693. mál. Af því tilefni er Efnahags- og skattanevnd Alþingis látin í té svohljóðandi

u m s ö g n

Með lögum nr. 23/2010 var sett heimild í lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, til að krefjast kyrrsetningar á eignum aðila sem sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna skattalagabrota. Er frumvarpi því sem nú er lagt fram ætlað að setja í lög sambærilega heimild vegna brota á lögum um virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda og staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Er frumvarpið lagt fram í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 21. júní sl. nr. 372/2010, þar sem ekki var fallist á að almenn tilvísun virðisaukaskattslaga til tekjuskattslaga væri fullnægjandi heimild til kyrrsetningar vegna ætlaðra brota gegn virðisaukaskattslögum.

Að gildandi lögum skal refsa fyrir brot gegn lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með annars vegar fésektum og hins vegar fangelsi sem getur numið allt að sex árum teljist brot vera stórfellt. Skal fésektin taka mið af þeirri fjárhæð sem rannsókn hefur leitt í ljós að hafi verið undan dregin. Er þannig lögbundið að fésekt skuli beita vegna brota á skattalögum. Í samræmi við það er fésekt án undantekninga beitt í öllum málum vegna skattalagabrota, hvort heldur þeim er lokið með viðurlögum hjá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins, yfirskattanevnd eða fyrir dómstólum. Sæta skattalagabrot að þessu leytinu til nokkurri sérstöðu. Sambærileg ákvæði og í lögum um tekjuskatt er að finna í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Með lögum nr. 23/2010 og í frumvarpi því sem hér er til meðferðar er ráð fyrir því að gert að heimild til kyrrsetningar taki til eigna þeirra einstaklinga sem grunaðir eru um hina refsiverðu háttsemi auk eigna lögaðilans þegar um hann er að ræða. Þegar meint brot hafa verið framin í rekstri lögaðila nær heimildin þannig til eigna þeirra fyrirsvarsmanna hans sem taldir eru með saknæmum hætti hafa gerst sekir um brot í rekstri lögaðilans. Er þannig samhljómur með efnisatriðum frumvarpsins og refsíákvæðum skattalaga sem gera ráð fyrir því að




einstaklingum sé gerð fésekt að uppfylltum refsiskilyrðum laganna. Í samræmi við það er framkvæmdin undantekningalaust með þeim hætti að fyrirsvarsmönnum lögaðila er gert að sæta greiðslu sektar þó meint brot hafi átt sér stað í rekstri lögaðila, eftir atvikum in solidum með lögaðilanum sjálfum.

Í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar um eftirlit með innheimtu sekta og sakarkostnaðar frá júní 2009 er að finna starlega umfjöllun um innheimtu sekta vegna skattalagabrota. Kemur þar m.a. fram að allar sektir dómstóla frá árunum 2000 - 2007 þar sem fjárhæð fór yfir 8 m.kr. voru vegna brota á skattalögum og eftir atvikum 262. gr. almennra hegningarlaga (meiriháttar skattalagabrot). Af samtals 96 dómum vegna skattalagabrota voru 86 vegna meiriháttar brota. Lýsir Ríkisendurskoðun í skýrslunni yfir áhyggjum af því að hæstu sektirnar séu að jafnaði fullnustaðar með samfélagsþjónustu í stað greiðslu sektarinnar eða afplánun vararefsingar í fangelsi. Með því sé hætt á að vegið sé að þeim varnaðaráhrifum sem háum sektum við skattalagabrotum er ætlað að hafa. Jafnframt segir í skýrslunni að það hljóti að skipta miklu að stemma stigu við skattalagabrotum og treysta skattheimtu ríkisins en til þess hafa almenn varnaðaráhrif refsinga verið talið gegna veigamiklu hlutverki (bls. 42-44). Í niðurstöðun sínum tiltekur Ríkisendurskoðun að athuga þurfi hvort heimila eigi kyrrsetningu eigna á rannsóknarstigi þegar veruleg hættu er á undanskotum og sekt þykir nokkuð óbyggjandi (bls. 9).

Með frumvarpinu er lögð til heimild til kyrrsetningar eigna þegar yfirvofandi er krafa ríkissjóðs vegna refsiverðra skattalagabrota. Ljóst er að það varðar ríkissjóð miklu að tryggja þær kröfur með eins ríkum hætti og unnt er. Þá er styrkari innheimta líkleg til að auka varnaðaráhrif gegn skattundanskotum. Með lögum nr. 23/2010 hefur þegar verið samþykkt frumvarp þessa sama efnis er tekur til krafna vegna brota á lögum um um tekjuskatt. Eru engin efni til þess að gera greinarmun á einstökum tegundum skatta.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins telur frumvarpið vera réttarbót og mælir með samþykkt þess.

Virðingarfyllst,


Bryndís Kristjánsdóttir